

Nefndarálit

um frv. til l. um starfsmenn í hlutastörfum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að innleidd verði tilskipun um rammasamning um hlutastörf þar sem settar eru fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutstörf. Í 3. mgr. 2. gr. kemur fram að ákvæði laganna taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Þannig nýtur tímavinnufólk ekki þeirra réttinda sem frumvarpið kveður á um. Á hinum almenna vinnumarkaði tókst Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins hins vegar að ljúka kjarasamningi um réttarstöðu starfsmanna í hlutastörfum sem ekki tókst á hinum opinbera vinnumarkaði. Samtök launafólks hafa harðlega gagnrýnt að lagt er til að allir sem fá greitt tímavinnukaup fyrir vinnu sína hjá ríki og sveitarfélögum falli utan gildissviðs laganna.

Minni hlutinn leggst gegn ákvæðum 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem kveður á um að lögin taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt tímakaup og vísar í rökstuðning sem fram kemur í álitserðum frá samtökum launafólks sem eru birt sem fylgiskjöl. Þar eru færð fram rök fyrir því að tilskipunin um hlutastörf sem verið er að innleiða með þessum lögum heimili ekki að undanskilja tímavinnufólk frá ákvæðum laganna.

Hjá ríki og sveitarfélögum eru stórir hópar starfsmanna sem munu ekki njóta þeirra réttinda sem tilskipuninni er ætlað að tryggja. Félagsmálaráðuneytið hefur ekki sýnt fram á með neinum rökum hvers vegna nauðsynlegt er talið að undanskilja þennan hóp starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í lögum og skapa þannig mismunun í stað þess að draga úr henni sem í orði kveðnu er þó yfirlýst stefna stjórnvalda.

Félagsmálaráðuneytið hefur lagt ríka áherslu á að máli þessu verði hraðað og hefur í því samhengi verið bent á að Eftirlitsstofnun EFTA muni að öðrum kosti hugsanlega höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum fyrir brot á EES-samningnum verði frekari frestun á því að tilskipunin verði innleidd. Af hálfu samtaka launafólks mun þeirri hugmynd hins vegar hafa verið hreyft að verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd verði látið á það reyna frammi fyrir sömu aðilum hvort lögin standist.

Minni hlutinn telur að ekki hafi verið sýnt fram á að nauðsyn beri til að undanskilja starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt samkvæmt tímavinnu og telur auk þess ófært að samþykkja frumvarp sem vafi leikur á um að standist þá tilskipun EES sem ætlunin er að innleiða.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykktur þessu álit.

Alþingi, 10. febr. 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir,
frsm.

Helgi Hjörvar.

Fylgiskjal I.**Umsögn Alþýðusambands Íslands.**
(21. janúar 2004.)

Á hinum almenna vinnumarkaði tókst Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins að ljúka kjarasamningi um réttarstöðu starfsmanna í hlutastörfum. Það tókst því miður ekki á hinum opinbera vinnumarkaði og því litur nú dagsins ljós frumvarp sem festir í sessi þann mun sem í mörgu er gerður milli hins almenna og opinbera vinnumarkaðar.

Við samningu frumvarpsins var haft náið og gott samráð við aðila vinnumarkaðarins þó niðurstaða stjórnvalda um efni frumvarpsins sé að nokkru annað en kjarasamningar á almennum vinnumarkaði mæla fyrir um. Í samráðsferlinu setti ASÍ fram rökstudda afstöðu til meginefnis frumvarpsins eins og það liggur fyrir Alþingi. Hluti þeirra athugasemda er tekinn upp í greinargerð með frumvarpinu á bls. 5-6. Um athugasemdir ASÍ vísast til þess en þar er það rökstutt að 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins standist ekki efnisákvæði tilskipunar 97/81/EB og rammasamning aðila evrópska vinnumarkaðarins.

Með umsögn þessari fylgir samningur ASÍ og SA um sama efni.

F.h. Alþýðusambands Íslands,



Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ

Samningur
milli
Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands
um
hlutastörf

Með tilvísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið gera Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands með sér eftirfarandi samning um að hrinda í framkvæmd efni tilskipunar EBE um hlutastörf (97/81/EBE). Efnisatriði hennar byggja á rammisamningi aðila vinnumarkaðarins í Evrópu, UNICE, CEEP og ETUC, sem aðilar þessa samnings eiga aðild að, en markmið hennar er:

- að afnema mismunun gagnvart starfsmönnum í hlutastarfi og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa. Að greiða fyrir því að starfsmenn eigi vól á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði vinnuveitanda og starfsmanna.

1. gr.

Samningur þessi gildir um starfsmenn sem eru í hlutastörfum sbr. 1. mgr. 2. gr. Samningurinn gildir þó ekki um grunnstarfsnám og námssamninga eða ráðningarsambönd sem eru liður í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlunum sem njóta stuðnings opinberra aðila.

2. gr.

Starfsmaður telst vera í hlutastarfi ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi.

Með sambærilegum starfsmanni í tilliti 1. mgr. er átt við starfsmann sem starfar í sama fyrirtæki á grundvelli samskonar ráðningarfyrirkomulags og vinnur sama eða sambærilegt starf að tóknu tilliti til annarra áhrifaþátta svo sem starfstíma, kunnáttu eða hæfni.

Sé ekki til að dreifa sambærilegum starfsmanni í sama fyrirtæki skal samanburður gerður með vísan til viðeigandi kjarasamnings eða þar sem

slíkum samningi er ekki til að dreifa með vísan til laga, annarra kjarasamninga eða venju.

3. gr.

Starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeim ástæðum einum að þeir eru ekki í fullu starfi nema slíkt sé réttlætánlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

4. gr.

Atvinnurekendur skulu svo sem kostur er leitast við að:

- a. taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf
- b. taka tillit til óska starfsmanns um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess
- c. auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum stigum fyrirtækisins, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum
- d. veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna á vinnustaðnum, þar með talið hlutastörf, til að auðvelda flutning úr hlutastarfi í fullt starf og öfugt
- e. greiða fyrir aðgangi hlutavinnufólks að starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. í því skyni þeir geti aukið hæfni sína og til að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi
- f. veita trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um hlutastörf á vinnustað

5. gr.

Það telst ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt.

6. gr.

Samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum samningsaðila skal fjalla um framkvæmd samningsins svo og útfærslu og túlkun einstakra ákvæða eftir því sem þurfa þykir.

Komi upp ágreiningur um túlkun samningsins er viðkomandi aðilum heimilt að vísa honum til nefndarinnar sem skal þá leitast við að ná sáttum.

7. gr.

Brot gegn samningi þessum varða skaðabótaskyldu.

8. gr.

Samning þennan skal eftir því sem við á túlka í samræmi við tilskipun 97/81/EBE, sbr. rammasamning aðila vinnumarkaðarins í Evrópu um hlutastörf.

9. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2003.

Reykjavík, 13. nóvember 2002

F.h. Alþýðusambands Íslands
með fyrirvara um samþykki
miðstjórnar

Magnús M. Norðdahl [sign]

F.h. Samtaka atvinnulífsins
með fyrirvara um samþykki
framkvæmdastjórnar

Hrafnhildur Stefánsdóttir [sign]
Ragnar Árnason [sign]

Fylgiskjal II.

Umsögn BSRB. (22. janúar 2004.)

I.

BSRB átti síðast liðið ár ásamt ASÍ, BHM og KÍ í samningaviðræðum við ríkið, Launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg til þess að freista þess að innleiða tilskipun um hlutastörf með samningum. Það tókst ekki þrátt fyrir marga fundi. Var það aðallega gildissvið tilskipunarinnar sem ágreiningur stóð um, þ.e. hvaða hlutastörf samkvæmt tilskipuninni skyldu undanþegin samningnum.

Fulltrúar opinberra vinnuveitanda lögðu til í samningaviðræðunum að allir starfsmenn sem ráðnir væru í tímavinnu yrðu undanþegnir gildissviðinu. Ekki var fallist á það og eftir marga fundi var viðræðum slitið.

Frumvarp þetta var síðan á borði EES-samráðsnefndarinnar hjá félagsmálaráðuneytinu þar sem sömu sjónarmið voru uppi, þ.e. ríkið og sveitarfélögin vildu að tímavinnustarfsfólk yrðu undanþegin gildissviði frumvarpsins. Á síðasta löggjafarþingi (2002-2003) var frumvarp til laga um hlutastörf lagt fyrir Alþingi þar sem tímavinnustarfsfólk var undanþegið gildissviði laganna. Mótmælti BSRB því harðlega á fundi hjá félagsmálanefnd Alþingis en samkvæmt nýju frumvarpi sem BSRB hefur nú til umsagnar hefur það ekki verið tekið til greina, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

II.

Með lagafrumvarpi þessu er verið að innleiða tilskipun ráðsins 97/81/EB, um rammisamninginn um hlutastörf. Þar eru settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutastörf í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastörfum og til að auka möguleika á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi fyrir bæði atvinnurekendur og starfsmenn.

Tilskipunin um hlutastörf heimilar að aðilar geti af hlutlægum ástæðum undanskilið vissan hóp, þ.e. þá sem tilskipunin skilgreinir sem „*part-time workers who work on casual basis*“, sbr. 2. gr. 2. tölul. tilskipunarinnar.

Frumvarpið til laga um hlutastörf leggur hins vegar til, sbr. 3. mgr. 2. gr. að ákvæði laganna taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Með öðrum orðum þá er lagt til að allir þeir sem fá greitt tímavinnukaup fyrir vinnu sína falli utan gildissviðs laganna. Ekki er einungis vísað í undanþágu samkvæmt kjarasamningum heldur einnig að

stjórnvald geti ákveðið það eða að um sé að ræða venju. **Sem sagt mjög rúm heimild stjórnvalds til að undanskilja stóran hóp launþega.**

BSRB mótmælir því harðlega að lögin eigi ekki að ná til þessa hóps. Skilningur BSRB er sá að tilskipunin heimili einungis að undanskilja þá hópa sem stofna til skammtímaráðningarsambands yfir ákveðið tímabil. Með því að frumvarpið fari í gegn óbreytt leiðir það til þess að stór hópur starfsmanna hins opinbera mun ekki njóta þeirra réttinda sem tilskipun um hlutastörf felur í sér.

Þetta þýðir það að tímavinnustarfsmenn sem koma inn á stofnanir/fyrirtæki til að vinna í tímavinnu fá ekki að njóta sama starfsumhverfis og aðrir starfsmenn, svo sem eins og fræðslu og möguleika á framgangi í starfi, rétti til endurmenntunar og starfsmenntunar. Í flestum tilvikum er um að ræða starfsmenn sem skila reglulegri vinnu sem gæti jafngilt háu starfshlutfalli væri það metið sem starfshlutfall. (sem dæmi starfsmenn hjá Á.T.V.R, Þjóðleikhúsinu o.fl., félagsþjónustunni o.fl.)

T.d. er það viðhorf ríkjandi hjá Launanefnd sveitarfélaga að tímavinnustarfsmenn eigi ekki rétt á símenntunarálagi með þeim rökum að þeir taki ekki þátt í símenntunaráætlun stofnana. Hins vegar er það svo að aðrir starfsmenn eru að njóta álagsins þrátt fyrir að engin símenntunaráætlun er í gangi.

Annað dæmi sem BSRB vill nefna er að út á landi eru starfandi sjúkraflutningamenn sem hingað til hafa ekki fengið viðurkenndan samningsrétt hjá ríkinu á grundvelli þess að það séu engir í aðalstarfi hjá ríkinu sem sjúkraflutningamenn. Þeir eru í starfi hjá heilsugæslustöðvum en eru þar titlaðir sem rafvirkjar, húsvörðir o.s.frv. Um er að ræða löggilt starf, þ.e. sérnám til að stunda sjúkraflutninga. Þeir þurfa alltaf að vera til taks en fá einungis greiddar álagsstundir, þ.e. eins konar tímakaup í staðinn fyrir að fá bakvaktarálag eins og þeim ber að fá samkvæmt kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Samkvæmt frumvarpinu eiga þessir starfsmenn ekki möguleika á því að fá það sama og það sem aðrir í sambærilegu starfi eru að fá, þ.e. bakvaktargreiðslur, veikindarétt, lífeyrisframlag o.s.frv. Hér er um að ræða sérstakar aðstæður sem eru viðvarandi og hafa verið við lýði í áraraðir. Ekki eins og opinberir vinnuveitendur vilja kalla það „lausráðnir í hlutastarfi.“

Evrópulöndin hafa ekki verið með svona víðtæka undanþágu og sem dæmi þá hafa Holland, Portúgal, Spánn og Noregur ekki undanskilið neina starfsmenn frá meginreglu tilskipunarinnar. Í Bretlandi eru auk þess „casual workers og temporary agency workers“ verndaðir af tilskipuninni. Í Danmörku hafa samningar verið gerðir á opinbera vinnumarkaðinum sem undanskilja lausráðna í hlutastörf eða eins og kemur fram í 2. gr. samnings „Finansministeriet“ við nokkur samtök á opinbera vinnumarkaðinum frá 2. september 1999: „Deltidsansatte, der arbejder som løst ansatte, undtages fra rammeaftelens bestemmelser.“ BSRB hefur ekki rekist á undanþágu í „Bekendtgørelse af deltilsov“, nr. 815.2002.

BSRB leggur eindregið til þess að félagsmálanefnd Alþingis taki frumvarpið til laga um starfsmenn í hlutastörfum til endurskoðunar með athugasemdir BSRB í huga.

F.h. BSRB

 Svanhildur Halldórsdóttir